

## Reglugjörð

105  
24. ágúst

um breyting á reglugjörð fyrir Árnessýslu um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir  
o. fl., vestan Hvítár og Ölfusár 6. ágúst 1910.

28. gr. breyttist þannig:

Í stað orðanna: »fær finnandi í fyrstu eftirleit  $\frac{1}{3}$  af lambsverði, en aðeins  $\frac{1}{4}$  hluta af verði eldri kinda, eptir mati hreppsnefndar,« komi: »fær finnandi í fyrstu eftirleit 1 kr. af lambsverði, en 2 kr. af verði eldri kinda.«

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 24. ágúst 1910.

**Björn Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

## Reglugjörð

106  
2. sept.

um notkun hafskipabryggju Stykkishólmskaupþúns m. m.

Stjórnarráð Íslands hefir 2. september 1910 gefið út svofelda reglugjörð um notkun hafskipabryggju Stykkishólmskaupþúns m. m., samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

1. gr.

Öll skip (seglskip, gufuskip og önnur gangvélaskip), er ætla að leggjast við hafskipabryggjuna, skulu skyld að hlífa bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega til að draga sig að, ból þau, beggja megin bryggjunnar, og hringi í Stykkinu, sem til þess er ætlað.

Smáskip minni en 15 smálestir og gangvélabátar eru þó undanþegin ofangreindu ákvæði.

Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn, skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sé skylt að nota til að draga sig að bryggjunni.

## 106

2. sept.

## 2. gr.

Skip hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni í þeirri röð, sem þau koma; þó skulu þau skip, er sigla eftir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferða-áætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur liggja þar fyrir, og verða þau að vikja í burtu meðan hin fá afgreiðslu.

Hafnarnefnd ákveður, hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr vestra horni Súgandiseyjar í svonefndan Fálka.

## 3. gr.

Sérhver skemd, sem verður á bryggjunni, áhöldum eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá.

Aðrar skemdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af mannavöldum, skal að fullu bæta af þeim, er skemdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

## 4. gr.

Þegar vörur eru fluttar í skip eða úr við bryggjuna, er hlutaðeigendum heimilt að láta vörur liggja á bryggjunni svo sem pláss leyfir, alt að 24 kl.stundir; en hlýða skulu þeir fyrirmælum hafnarnefndar eða umsjónarmanns, um að hagræða vörunum þannig, að sem minst tálmi umferð og afnotum bryggjunnar, og að hæfilegur þungi hvíli á hverjum hluta hennar.

## 5. gr.

Hafnarnefndin hefir, undir yfirumsjón hreppsnefndar, alla umsjón með hafskipabryggjunni og áhöldum þeim, er henni fylgja, og er öllum óheimilt að nota nema leyfi nefndarinnar komi til.

Nefndin getur skipað mann, er hafi stöðuga umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, og kveður á um starfssvið hans og þóknun.

## 6. gr.

Skip, er greiða hafnargjöld, eru undanþegin sérstöku gjaldi fyrir að liggja við bryggjuna og nota áhöld hennar (ból og hringi), nema sérstakur samningur kveði öðruvísi á um.

Önnur skip og gangvélabátar greiði bryggjugjald sem hér segir:

Fiskiskip stærri en 20 smálestir kr. 5,00 í hvert sinn.

— minni — 20 — » 2,50 - — —

Gangvélabátar . . . . . » 1,00 - — —

Þó geta fiskiskip stærri en 20 smálestir keypt sér rétt árlega í eitt skifti fyrir öll til að leggjast við bryggjuna fyrir kr. 10.00,  
 minni skip . . . . . — » 5.00,  
 en gangvélabátar . . . . . — » 3.00.

**106**  
 2. sept.

#### 7. gr.

Fyrir vörur, er lengur liggja á bryggjuhöfðinu en 24 stundir, skal greiða gjald, er hafnarnefndin ákveður, og skal að jafnaði eigi hærra vera en 10 aurar um vikuna fyrir hvern einstakan hlut af venjulegri flutningsvöru.

Telji hafnarnefndin söltun síldar, fiskjar o. fl. ósaknæma fyrir bryggjuna, getur hún leyft hana þar, ef mikið liggur við, og það kemur ekki í bága við út- og uppskipun. Um borgun fyrir það fer eftir samningi við nefndina.

#### 8. gr.

Kaupmenn og iðnrekendur greiði leigu fyrir bryggjuna með áhöldum eftir samningi við hreppsnefndina, annaðhvort fyrir eitt ár í senn, eða til fleiri ára. Kaupfélög og lausakaupmenn greiði gjald fyrir notkun bryggjunnar í hvert sinu eftir samningi við hafnarnefnd.

#### 9. gr.

Herskip og skemtiskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

#### 10. gr.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð Stykkishólmskaupþúns og fer með mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. september 1910 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 2. september 1910.

**Björn Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*